

Nd.

33. Nefndarálit

um frumvarp til laga um þingmannskosning í Reykjavík.

Frá stjórnarskrárnefndinni.

Nefndin hefir nú lokið meðferð sinni á frumvarpinu, og ræður hún háttvirtri deild til þess að samþykkja frv. með þeim breytingum, er hjer fara á eftir.

Nefndin getur fallist á það, sem segir í athugasemdum hæstv. stjórnar, að í stjórnarskrárfrv. því, er samþykkt var á síðasta Alþingi og væntanlega verður samþykkt til fullnaðar nú á þessu þingi, felist fyrirheit um að fjölgað verði þingmönnum Reykjavíkur um fleiri en einn áður en langt um liður. Nefndin telur alla sanngirni mæla með fjölgun þingmanna í Reykjavík, svo fjölment sem það kjördæmi er nú orðið; og nefndin finnur ekki ástæðu til að draga að gera það.

Hins vegar eru 6 af 7 nefndarmönnum þeirrar skoðunar, að fullnægt sje þessum sanngirniskröfum, ef þingmönnum er fjölgað um 2, úr 2 upp í 4. Þvi til stuðnings skulu teknar hjer fram tvær ástæður, þótt fleiri megi telja.

Ef byggt er á yfirliti því um blutfall milli fulltrúatölu og kjósendatölu, sem prentað er í athugasemdum stjórnarinnar við frumv., þá mun Reykjavík með fjölgun þeirri, er nefndin leggur til, fá einn þingmann fyrir hverja 1377 kjósendur. Eitt kjördæmi hefir aðeins einn fulltrúa fyrir 1477 kjósendur og fimm kjördæmi hafa einn fulltrúa fyrir frá 1037—1168 kjósendur. Þannig verður eitt kjördæmi ver sett en Reykjavík og 5 litlu betur sett.

Þegar á þetta er litið í sambandi við hina ástæðuna, en hún er sú, hversu margir menn búsettir í Reykjavík eiga sæti á Alþingi sem fulltrúar fyrir önnur kjördæmi eða landskjörnir, þá þykir greindum 6 nefndarmönnum nógu langt farið að fjölga um 2.

Enn fremur skal á það bent, að aðstaða kjósenda í Reykjavík til þess að neyta kosningarrjettar síns og fylgjast með störfum þingsins er betri en aðstaða kjósenda í nokkru öðru kjördæmi.

Nefndinni þykir eðlilegt, að tala þingmanna í neðri deild aukist um tvo við þessa breytingu, en þykir of mjög við borð bundið, að þessir tveir þingmenn Reykvíkinga *skuli* eiga sæti í neðri deild, nema það, sem eðlilegt er, að þeir setjist þar í fyrsta skifti sem kosið er, með því að efri deild er nú skipuð svo sem orðið er á þessu þingi.

Nauðsynlegt virðist að gera ráð fyrir því í lögnum, hvernig farið skuli að, ef það kemur fyrir, að kjósa þurfi aðeins einn þingmann við uppkosningu eða aukakosningu, og hlutfallskosningu verður því eigi við komið. Að því lýtur 2. breytingartill. nefndarinnar.

Að svo mæltu ber nefndin fram þessar

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. 1. gr. orðist svo:

Alþingismenn Reykjavíkur skulu vera 4. Þegar þannig hafa bæst við 2 þingmenn, skal neðri deild Alþingis skipuð 28 þingmönnum.

2. Við 11. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef um uppkosningu eða aukakosningu á einum þingmanni er að ræða, skal um kosningu hans fara að á sama hátt sem um kosningu þingmanna í sjerstökum kjördæmum.

3. Fyrir orðið »þingmannskosning« í fyrirsögn frumvarpsins komi:

Þingmannakosning.

Alþingi, 17. febrúar 1920.

Sigurður Stefánsson,
formaður.

Þórarinn Jónsson,
ritari.

Sveinn Björnsson,
með fyrirvara.

Þorleifur Jónsson. Stefán Stefánsson. Jón Sigurðsson. Pjetur Ottesen.